

# Rýmingaráætlun

## fyrir Borgarholtsskóla.

*Ef um eldsvoða er að ræða fara viðvörunarbjöllur í gang og eldvarnarhurðir lokast. Áríðandi er að starfsmenn séu rólegir og skipulagðir í allri framgöngu. Við byrjum á því að kanna næsta nágrenni okkar síðan segjum við nemendum að það eigi að rýma húsið. Við gerum það í hóp eftir venjulegum leiðum ef þær eru færar annars könnum við aðrar leiðir og bregðumst við eftir aðstæðum í hvert sinn. Æskilegast er að nemendur fái tækifæri til að fara í skófatnað sinn og fari síðan beinustu leið út.*

Kennarar taki með sér þá nemendur sem þeir eru með hverju sinni og fari með þá út úr húsi. Ef engar hindranir eru er eðlilegast að nota þær útgönguleiðir á húsinu sem notaðar eru daglega og allir þekkja. Gefa skal nemendum tækifæri á að fara í skóna sína svo fremi að ekki sé eldur og eða reykur í anddyrum skólans. Þegar út er komið er áriðandi að hver og einn komi sínum hópi frá húsinu og á safnassvæði sem er stóra bílplanið lengst frá húsinu.

Ef einhver nemandi notar hjólastól eða kemst einhverra hluta vegna ekki niður stigana verður kennari viðkomandi að bíða hjá honum í því eldhólfi sem þeir eru staddir, svo fremi að ekki sé eldur eða reykur þar og tilkynna sig til umsjónarmanns eða einhvers stjórnanda skólans.

Þegar kennari yfirgefur stofuna þá skal hann loka henni á eftir sér. Það kemur til með að varna því að reykur komist inn í stofuna og einnig auðveldar það eftirleit í húsinu.

Stjórnendur fara í kennarastofur og matsali og sjá um rýmingu á þeim svæðum. Þeir annast einnig eftirleit í öllu húsinu. Þeir geri grein fyrir því við stjórnanda slökkvistarfs að þau svæði sem könnuð voru séu mannlaus.

Starfsmenn bókasafns taki með sér nemendur sem þar eru og fari með þá á safnssvæðið og geri grein fyrir að þeirra svæði sé mannlaust.

Sviðsstjóri / deildarstjóri sérnámsbrautar, kennarar, stuðningsfulltrúar og aðrir sem þar vinna komi sínum skjólstæðingum út úr húsi. Ræstingafólk sem og aðrir sem tiltækir eru hverju sinni veiti sína aðstoð við það.

### **EF UM ELDSVOÐA ER AÐ RÆÐA MÁ EKKI NOTA LYFTUR.**

Starfsmenn á skrifstofu sjá um að skrifstofur séu rýmdar og geri ráðstafanir varðandi aðgang að síma og tölvukerfum.

Umsjónarmaður sér um móttöku slökkviliðs og lögreglu og er tiltækur til þjónustu fyrir þessa aðila. Einnig sér hann um að eftirleit sé framkvæmd og hefur stjórn á verkum þar til slökkvilið eða lögregla hafa tekið við stjórn á verkefninu.

Áríðandi er að nemendur, kennarar og aðrir haldi kyrru fyrir á safnssvæðinu meðan verið er að kanna hvort allir hafa komist út úr húsi.

**Ef um hryðjuverkaógn eða annað sambærilegt er að ræða tekur lögregla ákvörðun um rýmingu húsnæðis í samráði við skólastjórnendur.**

**Ef um náttúruhamfarir er að ræða skal skólinn rýmdur en ekki má nota lyftur.**